BLÓÐBANKINN 20 ÁRA:



Prentari í Gutenberg gefur blóð. Hann var alls ósmeykur, þó að svipurinn á honum gefi annað til kynna.

Vinsæl stofnun með trygga viðskiptavini

Það rikti líf og fjör í Blóðbankanum í fyrradag, enda var þar haldið upp á 20 ára afmæli þessarar vinsælu bankastofnunar. Þar voru mættir ýmsir af fyrstu viðskiptavinum bankans og fulltrúar vinnuhópa sem reglulega hafa gefið blóð.

Forstöðumaður Blóðbankans, Ólafur Jensson, læknir, sagði fréttamönnum að byrjað hefði verið að byggja Blóðbankann árið 1949, en formlega var hann tekinn í notkun árið 1953. Hvatamaður að byggingunni var prófessor Niels Dungal, en hann var þá manna lærðastur á þessu sviði læknisfræðinnar hérlendis. Allar götur til 1. mars 1972 var forstöðumannsstarfið aukastarf svæfingalækna, en þann dag tók Ólafur Jensson við forstöðumannsstarfinu sem fullu starfi.

Nú vinna 15—16 manns hjá Blóðbankanum við blóðtökur, skrifstofuvinnu og rannsóknarstörf, og þar fer einnig fram kennsla fyrir meinatækna. Starfsemin hefur aukist ár frá ári, og nú er orðið of þröngt fyrir dyrum. Áætlað er að Blóðbankinn flytjist í bygginu sem verður reist fyrir neðan Hringbrautina, en áður en að því kemur er nauðsynlegt að fá bráðabirgðahúsnæði til viðbótar.

Ýmsir aðilar, einstaklingar og starfshópar, hafa alltaf reynst tilbúnir að gefa blóð, og grundvallast öll starfsemi Blóðbankans á þessum föstu viðskiptavinum ef svo mætti að orði komast. Þá hefur Rauði krossinn frá því árið 1967 safnað blóði úti á landi og blóðmagn er komið að nýju í líkamann eftir eina til tvær vikur.

Ólafur Jensson sagði, að hann hefði tekið saman hve margar blóðgjafir hefðu verið skráðar og reyndust þær í fyrradag alls 69.359. Yfirleitt er nóg af blóði á lager, en það er ekki geymt lengur en í 3 vikur.

—SJ



Ólafur Jensson, læknir.



Brautryðjendur á sviði blóðgjafa í kaffi.

Framhald axarsögu

Eins og frá var skýrt í blaðinu sveiflaði ungur maður öxi yfir höfði embættismanns í borginni fyrir skömmu og gerði sig líklegan til að höggva mann ok annan. Var axarmaður að mótmæla fjárinnheimtu á hendur sér.

Í gær kom faðir piltsins í sömu skrifstofu, og þótti brátt sýnt hvert stefndi, því að hann bar poka. Komumaður las fyrst embættinu pistilinn og þreif síðan öxina góðu upp úr pokanum. Skók hann vopnið allvigalega og kvað maklegt að kljúfa skrifstofublækur og rukkara í herðar niður. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar hélt stillingu sinni enn sem fyrr og skoraði á berserkinn að poka nú vopn sitt og reiða fram féð. Stóð í þófi um hríð, en þó fór svo að lokum að kappinn lét vopnið siga. Skrifaði hann ávísun upp á helming skuldarinnar, en kvað þessarar svívirðu grimmilega hefnt verða síðar.

Eskfirðingar fá skuttogara

Fyrrihluta desembermánaðar er búist við nýjum skuttogara til Eskifjarðar. Það eru Hólmar h.f. sem láta smíða togarann á Spáni, en hann er af minni gerð skuttogara. Gert er ráð fyrir að þessi togari fari í reynsluferð í þessari viku.

Skipstjóri á þessu nýja fiskiskipi verður Sigurður Magnússon. Það eru Hraðfrystihús Eskifjarðar og Kaupfélag Héraðsbúa, sem eru stærstu aðilarnir að Hólmum h.f.

Verð á rækju

Yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins hefur ákveðið eftirfarandi lágmarksverð á rækju frá 1. nóvember 1973 til 31. maí 1974.

Rækja, óskelflett í vinnsluhæfu ástandi: Stór rækja, 220 stk. í kg eða færri (4.55 gr. hver rækja eða stærri), hvert kg .....kr. 41.50
smá rækja, 221 stk. til 350 stk í kg. (2.85 gr. til 4.55 gr. hver rækja), hvert kg. .....kr. 24.00

Verðið er miðað við, að seljandi skili rækju á flutningstæki við hlið veiðiskips.

Fulltrúinn í Verðlagsráði er heimilt að segja verðinu upp með 15 daga fyrirvara miðað við 1. febrúar 1974.

Verð þetta var ákveðið með samhljóða atkvæðum allra yfirnefndarmanna. (Frá Verðlagsráði sjávarútvegsins)

Bók um trúarbrögðin

Út er komin á vegum Þjóðráðs Baháía á Íslandi bókin „Og sólin rís" (á frummálinu Release the Sun) eftir William Sears. Bók þessi fjallar um sögu Bahái-trúarinnar fyrstu ár hennar, eða allt frá því að hinn fyrri af tveimur spámönnum hennar, Bábinn, kunngerði köllun sína í Persíu 1844 og þangað til hann var líflátinn sex árum síðar, þrítugur að aldri.

Bók sú, er nú kemur út á íslensku, hefur verið þýdd á öll helstu tungumál heims og er eitt aðgengilegasta kynningarrit um forsögu Bahái-trúarinnar. Hún er hin fyrsta af þremur bókum, sem fjalla um spámenn Bháí-trúarinnar. Áður hefur komið út á íslensku „Þjófur á nóttu" eftir sama höfund.

„Og sólin rís" er 250 blaðsíður, prentuð í prentsmiðju Jóns Helgasonar. Káputeikningu gerði Max Bossi. Bókin verður til sölu í bókabúðum og hjá Þjóðráði Bahái á Íslandi, Óðinsgötu 20.

Úr fréttatilkynningu frá Bahái

Byggðasafn Vestmannaeyja:

Sýningar á munum og málverkum

Í myndlistarhúsinu á Klambratúni á morgun

— Þegar gosið hófst sl. vetur urðum við að flytja megnið af byggðasafninu í land, alls 4 gáma, og hafa þessir munir verið geymdir í Þjóðminjasafninu síðan. Nú líður senn að því að við flytjum safnið aftur til Eyja, en áður en af því verður ætlum við að halda sýningu hér í myndlistarhúsinu á Klambratúni, svona til að gleðja þá sem áhuga hafa á safninu okkar.

Það var Þorsteinn Viglundsson byggðasafnsvörður í Vestmannaeyjum, sem sagði þetta á blaðamannafundi í gær, er hann var að kynna fyrir blaðamönnum muni þá úr byggðasafni Vestmannaeyja, alls 110 muni og málverk, sem sýndir verða frá morgundeginum að telja til sunnudagsins 25. nóvember nk.

— Uppúr því fer maður nú að pakka niður til heimflutnings, sagði Þorsteinn. Það er að vísu nokkuð erfitt að vera að flytja þetta yfir vetrartímann, en ætli við látum nú ekki samt slag standa, bætti hann við.


Á sýningunni verða eins og áður segir 110 munir og málverk. Margt er þarna merkilegra muna, sem Reykvíkingum hefur ekki almennt gefist kostur á að sjá fyrr. Má þar nefna litla fallbyssu frá Tyrkjaráninu, sem fannst í höfninni í Vestmannaeyjum við dýpkunaraðgerðir. Bút af kili á skipi, sem sökk við Vestmannaeyjar 1711, vestan við Básaskersbryggju. Brot úr skipinu fundust, eins og byssan þegar verið var að dýpka höfnina; þá fóru allt í einu að koma upp smá spýtukubbar. Þegar svo kafað var þarna niður kom í ljós skipsskrokkur, illa farinn að vísu, en samt var hægt að bjarga úr honum nokkrum stórum heillegum bútum m.a. broti að kili og stefni.

Þá eru á sýningunni margt fallegra báta og skipslíkana svo dæmi séu nefnd.

En það sem ef til vill vekur hvað mesta athygli eru 34 málverk eftir Kjarval frá þeim tíma er hann var ungur fátækur málari. Þessi málverk eru þannig komin í eigu Eyjamanna að Sigfús Johnsen keypti þau af Kjarval ungum og hjálpaði honum þar með um peninga til að geta haldið áfram að mála. Síðan seldi Sigfús Vestmannaeyjabæ málverkin og eru þau í dag sjálfsagt með mestu dýrgripum í eigu bæjarins.

Sýningin verður opnuð kl. 14 á morgun og stendur til sunnudagsins 25. nóvember nk.

S.dór



Þorsteinn Viglundsson með eina herfangið sem Íslendingar hafa fengið frá sjóræningjum. Þessi litla fallbyssa mun vera frá Serkjum þeim sem hér frömdu rán það er kallað hefur verið Tyrkjaránið 1627.

Rafmagnið hækkar, en ekki hitaveitan

Reykjavíkurborg sótti fyrir skömmu um verulegar hækkanir á verðskrá rafmagns og hitaveitu til iðnaðarráðuneytisins. Borginni var heimilað að hækka gjaldskrá rafmagnsveitunnar um 9,8% frá 1. desember n.k. að telja og er þetta leyfi gefið vegna hækkana á rafmagni frá Landsvirkjun.

Þá sótti borgin einnig um leyfi til hækkunar á gjaldskrá hitaveitunnar en var synjað. Sótti borgin um að fá að hækka gjaldskrána um 12%.

—S.dór